

Byggðasamlagið Oddi bs.
Ársreikningur 2024

Byggðasamlagið Oddi bs.
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Kt. 621215-1750

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Byggðasamlagið Oddi bs. er byggðasamlag og aðilar að því eru Rangárþing ytra og Ásahreppur. Byggðasamlagið hóf starfsemi í ársbyrjun 2016. Byggðasamlagið annast rekstur leikskóla og grunnskóla í sveitarfélögunum.

Rekstrartekjur byggðasamlagsins námu 1.720,4 millj. kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 212,4 millj. kr. milli ára eða um 14,1%.

Á árinu námu laun byggðasamlagsins 941,8 millj. kr. (2023; 833,4), og launatengd gjöld námu 227,0 millj. kr. (2023; 199,6).

Rekstrarkostnaði byggðasamlagsins er skipt milli aðildarsveitarfélaganna samkvæmt samningi þeirra á milli.

Stjórn og framkvæmdastjóri byggðasamlagsins staðfesta hér með ársreikning Byggðasamlagsins Odda bs. fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Hellu, 2. apríl 2025.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Bygðasamlagsins Odda bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Bygðasamlagsins Odda bs. („bygðasamlagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu bygðasamlagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð bygðasamlaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi bygðasamlagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa bygðasamlagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi byggðasamlagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert byggðasamlagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Selfoss, 2. apríl 2025.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	Áætlun m. viðaukum 2024	2023
Rekstrartekjur				
Rekstrarframlag Rangárbings ytra	4	1.396.698.277	1.363.091.041	1.198.146.714
Rekstrarframlag Ásahrepps	4	179.705.686	175.299.959	190.784.420
Þjónustutekjur	3	143.966.247	142.613.000	119.048.706
		<u>1.720.370.210</u>	<u>1.681.004.000</u>	<u>1.507.979.840</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	2	1.188.992.320	1.152.790.000	1.039.893.811
Lífeyrisskuldbinding, breyting	7	328.641	430.000	11.100.403
		<u>1.189.320.961</u>	<u>1.153.220.000</u>	<u>1.050.994.214</u>
Annar rekstrarkostnaður	3	522.202.650	516.725.000	444.667.771
		<u>1.711.523.611</u>	<u>1.669.945.000</u>	<u>1.495.661.985</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		8.846.599	11.059.000	12.317.855
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		262.430	41.000	171.164
Fjármagnstekjuskattur		(57.736)	(9.000)	(37.652)
Vaxtagjöld og verðbætur		(9.051.293)	(11.091.000)	(12.451.367)
		<u>(8.846.599)</u>	<u>(11.059.000)</u>	<u>(12.317.855)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Fastafjármunir			
Fyrirframgreiddur kostnaður	6	63.878.290	67.067.866
Fastafjármunir samtals		<u>63.878.290</u>	<u>67.067.866</u>
Veltufjármunir			
Krafa á Rangárþing ytra	4	212.783.388	147.283.332
Krafa á Ásahrepp	4	0	10.084.096
Fyrirframgreiddur kostnaður	6	3.189.582	3.189.582
Aðrar skammtímakröfur		18.450.351	8.767.853
Handbært fé		4.332.294	1.179.395
Veltufjármunir samtals		<u>238.755.615</u>	<u>170.504.258</u>
Eignir samtals		<u><u>302.633.905</u></u>	<u><u>237.572.124</u></u>
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir	5	116.856.686	115.253.674
Lífeyrisskuldbinding	7	10.143.270	10.315.052
		<u>126.999.956</u>	<u>125.568.726</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		20.732.261	15.941.741
Næsta árs afborganir af langtímalánum	5	3.895.223	3.717.860
Næsta árs afborganir af lífeyrisskuldbindingu	7	797.700	785.351
Skuld við Ásahrepp	4	29.385.720	0
Aðrar skammtímaskuldir		120.823.045	91.558.446
Skammtímaskuldir samtals		<u>175.633.949</u>	<u>112.003.398</u>
Skuldir samtals		<u><u>302.633.905</u></u>	<u><u>237.572.124</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Fyrirframreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.
- c. Viðskiptakröfur eru færðar niður um 41 þús. kr. í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtimákröfum í efnahagsreikningi.
- d. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna byggðasamlagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 7.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

	2024	Áætlun m. viðaukum 2024	2023
Laun	941.801.023	927.767.000	833.380.875
Launatengd gjöld	226.971.973	221.833.000	199.606.960
Framlög til Brúar lífeyrissjóðs	3.189.576	3.190.000	3.189.576
Áfallið orlof, breyting	17.029.748	0	3.716.400
	<u>1.188.992.320</u>	<u>1.152.790.000</u>	<u>1.039.893.811</u>
		2024	2023
Fjöldi starfsmanna í árslok		134	122
Fjöldi stöðugilda í árslok		112	103
Ársverk		106	100

3. Heildaryfirlit um rekstur

	Ársreikningur 2024			Áætlun m. viðaukum 2024	
	Tekjur	Laun og launatengd gjöld	Annar rekstrark.	Mismunur	Nettó
Fræðslunefnd, sameiginlegt	0	3.404.480	8.078.705	(11.483.185)	(11.016.000)
Framlög til Brúar lífeyrissj. ...	0	3.189.576	0	(3.189.576)	(3.190.000)
Lífeyrisskuldbinding	0	328.641	0	(328.641)	(430.000)
Grunnskólinn Hellu	14.401.288	417.049.102	226.296.633	(628.944.447)	(574.131.000)
Mötuneyti Hellu	76.439.445	36.858.193	39.581.252	0	(39.713.000)
Laugalandskóli	32.696.068	249.401.377	169.791.441	(386.496.750)	(349.161.000)
Mötuneyti Laugalandi	49.110.614	28.575.519	20.535.095	0	(24.289.000)
Heklukot	29.442.036	311.239.723	87.239.790	(369.037.477)	(359.431.000)
Leikskólinn Laugalandi	14.141.817	139.274.350	42.944.755	(168.077.288)	(165.971.000)
Millifærslur	(72.265.021)	0	(72.265.021)	0	0
	<u>143.966.247</u>	<u>1.189.320.961</u>	<u>522.202.650</u>	<u>(1.567.557.364)</u>	<u>(1.527.332.000)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				(8.846.599)	(11.059.000)
				<u>(1.576.403.963)</u>	<u>(1.538.391.000)</u>

4. Skipting rekstrar og framlög aðildarsveitarfélaganna

	Rangárþing ytra	Ásahreppur	Samtals
Fræðslunefnd, sameiginlegt	10.177.717	1.305.468	11.483.185
Framlög til Brúar lífeyrissjóðs	2.826.968	362.608	3.189.576
Lífeyrisskuldbinding	291.279	37.362	328.641
Grunnskólinn Hellu	549.744.035	79.200.412	628.944.447
Laugalandsskóli	337.826.789	48.669.961	386.496.750
Heklukot	335.285.562	33.751.915	369.037.477
Leikskólinn Laugalandi	152.705.055	15.372.233	168.077.288
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7.840.872	1.005.727	8.846.599
	<u>1.396.698.277</u>	<u>179.705.686</u>	<u>1.576.403.963</u>
Staða í ársbyrjun	147.283.332	10.084.096	157.367.428
Rekstrarframlög	1.396.698.277	179.705.686	1.576.403.963
Innborganir á árinu	(1.331.198.221)	(219.175.502)	(1.550.373.723)
Staða í árslok	<u>212.783.388</u>	<u>(29.385.720)</u>	<u>183.397.668</u>

5. Langtímaskuldir við lánastofnanir

Langtímalán við lánastofnanir greinast þannig:

Lánveitandi	2024	2023
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt lán	120.751.909	118.971.534
	<u>120.751.909</u>	<u>118.971.534</u>
Næsta árs afborganir af langtímalánum við lánastofnanir	(3.895.223)	(3.717.860)
Langtímaskuldir við lánastofnanir í efnahagsreikningi	<u>116.856.686</u>	<u>115.253.674</u>

Afborganir langtímalána við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

2025 / 2024	3.895.223	3.717.860
2026 / 2025	3.895.223	3.717.860
2027 / 2026	3.895.223	3.717.860
2028 / 2027	3.895.223	3.717.860
2029 / 2028	3.895.223	3.717.860
Síðar	101.275.794	100.382.234
	<u>120.751.909</u>	<u>118.971.534</u>

Sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur hafa veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Byggðasamlagsins hjá Lánasjóði Sveitarfélaga. Eftirstöðvar láns í árslok 2024 námu 120,8 millj. kr

6. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2025 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	70.257.448
Gjaldfært á árinu.....	(3.189.576)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	<u>67.067.872</u>

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	3.189.582
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	63.878.290
Samtals í efnahagsreikningi.....	<u>67.067.872</u>

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	61.564.850
Framlag í varúðarsjóð.....	5.503.022
	<u>67.067.872</u>

7. Lífeyrisskuldbinding

Á stofnuninni hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna byggðasamlagsins. Skuldbindingin er metin á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2024. Reiknuð breyting á árinu á lífeyrisréttindum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Áætlaðar næsta árs greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtimaskulda. Áfallin lífeyrisskuldbinding í árslok 2024 greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	11.100.403
Greiddur lífeyrir á árinu	(488.074)
Gjaldfærð hækkun á árinu	328.641
Lífeyrisskuldbinding í árslok	<u>10.940.970</u>
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	797.700
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar	10.143.270
	<u>10.940.970</u>

Í október 2023 ákvarðaði stjórn Brúar lífeyrissjóðs að viðbótarframlag yrði innheimt hjá launagreiðendum frá og með janúar 2024 vegna tiltekings hóps lífeyrisþega sem væri með tryggð réttindi hjá sjóðnum. Nemur þetta framlag 10% af mánaðarlegum lífeyri þessara aðila.